


# 10

## Smiðja á Keldum á Rangárvöllum

Guðmundur Ólafsson  
Ragnheiður Traustadóttir



Reykjavík 2009

*Forsíðumynd: Flatar- og sniðteikning af smiðjunni á Keldum. Einn metri er á milli krossanna. (Teikn. G.Ó. og R.T.).*

© Guðmundur Ólafsson/Ragnheiður Traustadóttir/Þjóðminjasafn Íslands

## Smiðja á Keldum á Rangárvöllum

Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir

### Aðdragandi

Í byrjun júní greindi Hjörleifur Stefánsson deildarstjóri húsverndardeildar frá því að nú stæði yfir viðgerð á gamla bænum á Keldum á Rangárvöllum. Verið væri að hlaða upp hjall syðst í bæjarröðinni og að því loknu væri fyrirhugað að fara í smiðjuna og hlaða hana upp að nýju. Vildi Hjörleifur að fornleifafræðingar gerðu könnun á smiðjunni áður en viðgerð færi fram og grafa niður á gólf hennar til að athuga hvort þar væri eitthvað forvitnilegt að finna.

Þann 5. júní fóru Guðmundur Ólafsson og Ragnheiður Traustadóttir að Keldum til að kanna smiðjutóftina. Viðgerð stóð þá yfir á hjallinum. Búið var að rífa veggina niður og var Víglundur Kristjánsson, hleðslumaður, að rétt að byrja að hlaða veggina upp á nýjan leik. Einnig var verið að hreinsa upp traðirnar og lagfæra kringum myllukofann. Þá stóð yfir viðgerð á gamla íbúðarhúsinu.



*Horft til suðurs yfir smiðjuna. Aflinn eða eldstæðið er fremst á myndinni. Bekkurinn er ofarlega til hægri (Ljós. G.Ó.)*

### Smiðjan

Veggjahleðslur smiðjunnar eru farnir að ganga úr sér og er nauðsynlegt að hlaða þá upp að nýju. Smiðjan var mæld upp í mælikvarða 1:20 og snið var tekið þvert yfir hana framan við bekkinn. Hreinsað var ofan af gólfinu og það skafið niður að hellublöðum sem á því voru hér og þar. Á gólfinu var allmikið af járn-dóti. Flest af því er ómerkilegt en þó fundust þar gamlar hjarir úr járn af hurð, ágætur fundur.



*Eldstæðið er fyrir miðri mynd. Lengst til vinstri sést aðeins í steinþróna. Á milli eldstæðis og steinþróar eru gólfhellur (Ljósm. G.Ó.).*

### **Steinþró**

Innst í vestra horninu er þró sem er um 60 x 76 cm að utanmáli og um 50 cm há. Hún virðist vera full af kolasalla og steinkolum. Að sögn heimamanna mun fýsibelgurinn hafa staðið þarna í horninu.

Framan við steinþróna er um 95 cm breitt bil yfir að eldstæðinu eða afluinu. Þar er allt að 20 cm þykkt gólfslag með hellublöðum í mörgum lögum. Gólfslagið er þarna að mestu úr svörtum kolasalla.

### **Hola í gólfi**

Fyrir framan og austan þetta skot virðist hafa verið um 50 x 90 cm víð hola eða dæld í gólfið. Í henni er laus jarðvegur, blönduð mold, tað eða plöntutrefjar sem gæti verið mór og svo eru dálitlar viðarleifar. Sá lengsti er um 25 cm langur og um 6 - 8 cm þykkur. Leifar af 2 - 3 þunnum fúnum borðum voru líka þarna en þau voru ekki hirt.

Þetta lausa lag virðist ganga um 15 cm niður fyrir gólfið. Í því er líka mikið af fínum lausum kolasalla. Einnig er mikið um alls konar járnót sem virðist ekki vera mjög gamalt. Nefna má skeifu, sláttuvélatinda, gjarðajárn og fleira þ.h. . Einnig eru nokkrir kolahólkar sem gætu verið úr dráttavélarafgeymum.

Gólfið er sóti blandað dökkt hellulagt hér og þar en ekki alls staðar.

### **Stoðarsteinar**

Stoðarsteinar virðast hafa verið meðfram veggjunum. Grafið hafði verið frá innsta steini við austurhlíð. Hann er um 15 cm þykkur. Efri brún steinsins virðist hafa verið til móts við yfirborð gólfsins. Bilið á milli stoðarsteinanna virðist vera mislangt, allt frá 1,2 m í allt að 2 m. Ein stoð mun hafa staðið upp á bekknum. Stoðarsteinninn var þó ekki á þeim stað, en steinn sem var laus ofan á eldstæðinu virtist upphaflega hafa getað hafa verið notaður sem stoðarsteinn.



*Bekkurinn í smiðjunni. Til vinstri er steðjasteinninn með holu í miðju. Stóri flati steinninn efst fyrir miðju er hugsanlega sæti. (Ljósmynd G.Ó.).*

### **Eldstæði**

Eldstæðið er um 50 cm hátt mælt frá gólfi. Framhliðin á því hafði fallið fram og var það lagfært og rétt af til bráðabirgða. Hugsanlega þarf að lagfæra það betur síðar.

### **Bekkur**

Meðfram vesturveggnum framan við eldstæðið er hlaðinn bekkur úr grjóti, um 45 cm hár frá gólfi og 55 cm breiður. Fremsta hellan er allmáð af núningi. Hugsanlega er þetta sæti. Bekkurinn endar um 50 cm innan við suðurgafli smiðjunnar með 50 cm hárru hellu sem stendur þar upp á rönd.

### **Steðjasteinn**

Við enda bekkjarins er steðjasteinninn á gólfinu upp við vesturvegginn. Gatið sem steðjinn hefur setið í er um 5 cm í þvermál og 11 cm djúpt. Lítið ferkantað mót er einnig klappað í steininn. Það er 5,5 x 3,5 cm neðst og 7 x 6 cm við efri brún. Annað mót er líka klappað í steininn. Það er kringlótt hola sem er um 4 cm í þvermál efst og um 1,5 cm á dýpt.

### **Snið**


Snið var grafið gegnum gólfið og allt að 45 cm undir það. Sniðið er 4,15 m frá N-gafli og er sýnt sem strikalína á flatarteikningu. Gólfskánin (1) reyndist vera þar allt að 8 - 9 cm þykk þar sem hún er þykkust. Framan við bekkinn er hún aðeins þynnri eða um 5 cm. Undir gólfinu (2) er sandblendinn jarðvegur. Í honum vottar aðeins fyrir mannavist, sem kemur fram í einstaka viðarkolaögnum, þó hún sé mjög ógreinileg. Þar undir er sandur (3) og fannst dálítið af beinum í sandlaginu. Neðst og austast undir veggnum virðast vera leifar af eldri torfvegg.

Það er dálítið einkennilegt við þessa smiðju að hún er miklu mjórri að framanverðu en að innanverðu. Hún er um 1,75 m að breidd að framan en um 2,25 að breidd innst. Virðist veggurinn hafa verið hlaðinn þannig við síðustu viðgerð, e.t.v. til að passa við gaflþilið. Lengd smiðjunnar er um 4,75.


### Gafl og stétt

Smiðjan hefur haft timburgafl sem snéri fram á hlað. Undir honum eru flatir steinar og þar fyrir framan er hlaðin stétt sem er í beinni stefnu við gaflinn. Þessir steinar eru 24 cm hærri en stéttin sem er fyrir framan bæinn. Sú stétt er 80 cm breið gerð af stórum máðum hellum. Einn af steinunum í stéttinni fyrir framan smiðjuna mun vera steðjasteinn á hvolfi. Þar fyrir framan er um 65 cm breið renna út að kirkjugarðsveggnum, þannig að bilið milli smiðjunnar og kirkjugarðsins er um 1,5 m.

Þó nokkuð var af steinkolum í eldstæðinu, bekknum og í þrónni í horninu. Þessum kolum var safnað saman í poka af yfirborði og sett í geymslu á Keldum ásamt öðru dóti sem fannst í smiðjunni.



Hluti yfirlitsteikningar af bæjarhúsum gamla bæjarins á Keldum, nr. 5 - 8. Stóraskemma er nr. 9 og Litlaskemma er nr. 10. Smiðjan er nr. 11 og hjallurinn er nr. 12. Gamla íbúðarhúsið er lengst til vinstri nr. 3 (Teikning. S.T.S og G.M.).



Flatar- og sniðteikning af smiðjunni á Keldum. Einn metri er á milli krossanna.  
(Teikn. G.Ó. og R.T.).